

Ferill fyrir nemendur og foreldra

Ef upp kemur grunur um einelti fer í gang ferli sem á að vera starfsmönnum, nemendum og forráðamönnum skýrt og greinilegt. Á öllum stigum málsins er nauðsynlegt að forráðamönnum sé haldið vel upplýstum og þeir séu virkir í lausn málsins.

- Berist tilkynning um einelti eða ef starfsmaður hefur grun um að einelti sé í gangi eru skráðar nauðsynlegar upplýsingar. Staður, dagsetning, stutt lýsing og nöfn þeirra sem koma við sögu.
- Tilkynningu er komið til umsjónarkennara og skólastjóra sem fara yfir málið. Umsjónarkennari leitar eftir viðbótarupplýsingum frá þeim sem þarf. Tekur stutt viðtal við þolanda og metur málið. Hefur samband við foreldra þolanda og ræðir málið.
- Umsjónarkennari og skólastjóri meta málið og næstu skref. Ef grunur um einelti er ekki rökstuddur lætur umsjónarkennari viðeigandi málsaðila vita. Ef grunur um einelti er rökstuddur hefur umsjónarkennari samband við alla málsaðila (þolandi, gerandi, forráðamenn, starfsfólk) og vinnur að málinu í samráði við þá.
- Umsjónarkennari tekur viðtöl við þolendur, gerendur og forráðamenn. Reynt er að leysa málið í samvinnu við málsaðila og eru hagsmunir þolanda ávallt í fyrirrúmi, ásamt hagsmunum geranda.
- Forráðamönnum er leiðbeint um hvernig hægt er að aðstoða nemendur heima við.
- Umsjónarkennari fylgir málinu eftir með reglulegum samtölum í allt að 4 vikur og fylgist með samskiptum þolanda og geranda í 4-6 mánuði sérstaklega.
- Ef ekki er hægt að leysa úr málinu innan skólans og í samráði við forráðamenn er haft samband við sérfræðinga skólaskrifstofu og leitað aðstoðar fagaðila.
- Ef um allt þrýtur er hægt að leita aðstoðar fagteymis á vegum menntamálaráðuneytis og hjá samtökunum gegn einelti.

Umsjónarkennari og skólastjóri skrá allar upplýsingar vel og vandlega og sjá til þess að upplýsingar séu geymdar á vísu stað í möppu nemenda. Samskiptaörðugleikar nemenda og kvartanir þeirra skal ávallt skrá í dagbók á Mentor. Umsjónarkennari skal upplýsa foreldra málsaðila ef samskiptaárekstar eiga sér stað í skólanum. Það skal gert samdægurs, áður en nemandi fer heim úr skóla ef mögulegt er. Kennari þar sem atvik kemur upp skal skrá atvikið í Mentor, umsjónarkennari skal fylgja því eftir.